

DRÖG

Hér með gera Faxaflóahafnir sf. kt. 530269-7529, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík og HB Grandi hf., kt. 541185-0389 til heimils að Norðurgarði, 101 Reykjavík gera hér með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG UM STAÐSETNINGU LISTAVERKS Á NORÐURGARÐI

1. gr.

Með samkomulagi dags. 19. september 2012 með sér samkomulag um úthlutun lóðar á Norðurgarði vegna byggingar frystigeymslu, samkomulag gerð viðhaldsáætlunar fasteigna á lóðinni Grandagarður 20, samstarf um frágang Norðurgarðs m.t.t. aðgengi almennings og samkeppni um listaverk á Norðurgarði í samstarfi við SÍM.

2. gr.

HB Grandi hf. hefur haldið þá samkeppni sem tilgreind er í nefndu samkomulagi og liggur niðurstaða samkeppninnar fyrir. Dómnefnd, sem skipuð var samkvæmt samkeppnisreglunum SÍM, ákvað að listaverk Ólafar Nordal, fengi fyrstu verðlaun og leggur til að því listaverki verði komið fyrir á enda Norðurgarðs. Listaverkið heitir: „Þúfa“ og fylgir samkomulagi þessu mynd af tillögunni, umsögn um verkið og afstöðumynd af fyrirhugaðri staðsetningu þess.

3. gr.

HB Grandi hf. mun ganga frá samningum við listamanninn um uppsetningu verksins og annast kostnað af gerð þess. Þar sem verkið er að hluta utan lóðamarka HB Granda hf. þá samþykkja Faxaflóahafnir sf. að verkinu verði komið fyrir á þeim stað sem meðfylgjandi uppdráttur sýnir. HB Grandi hf. mun leita eftir nauðsynlegum leyfum af hálfu Reykjavíkurborgar fyrir staðsetningu og uppsetningu listaverksins.

4. gr.

HB Grandi hf. og Faxaflóahafnir sf. munu í sameiningu annast umhirðu verksins, en komi til meiriháttar endurbóta mun HB Grandi hf. standa straum af kostnaði við verkið. Listaverið „Þúfa“ verður ekki fjarlæggt af þeim stað sem það er sett, nema Faxaflóahafnir sf, telji slíkt óhjákvæmilegt eða að rík ástæða sé til þess og skulu Faxaflóahafnir sf. þá tilkynna HB Granda hf. um þá niðurstöðu með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara. HB Grandi hf. getur fjarlæggt listaverkið af umræddum stað að fengnu samþykki Faxaflóahafna sf.

5. gr.

Aðilar eru sammála um að tryggja sameiginlega snyrtilega aðkomu að Norðurgarði og gera almenningi eins og kostur er kleift að komast út á enda Norðurgarðs.

Virðingarfyllst,

F.h. Faxaflóahafna sf.

F.h. HB Granda hf.
